

REGLUGERÐ
um breyting á reglugerð um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir
varðandi Írak nr. 141/2009.

1. gr.

1. mgr. 3. gr. hljóði svo:

Frysta skal fjármuni og efnahagslegan auð sem:

- a) tilheyra fyrrum ríkisstjórn Íraks, fyrirtækjum þess eða stofnunum og voru utan Íraks 22. maí 2003 eða
- b) hafa verið fjarlægðir frá Írak af háttsettum fulltrúum fyrrum ríkisstjórnar Íraks eða fjölskyldum þeirra eða eru í eigu eða undir beinni eða óbeinni stjórn þeirra, sbr. I. og II. viðauka, sbr. 23. mgr. ályktunar nr. 1483 (2003).

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 23. mars 2010.

Össur Skarphéðinsson.

Einar Gunnarsson.